



Verktakavinna

– mikilvæg atriði

- Gerviverktaka er ólögleg og yfirleitt starfsfólki í óhag. Tryggðu rétt þinn!
- Ef þú ert verktaki áttu ekki rétt á launuðum veikindadögum.
- Ef þú ert verktaki áttu ekki rétt á launuðu sumarfríi.
- Ef þú ert verktaki áttu ekki rétt á uppsagnarfresti nema það sé tilgreint í verksamningi.
- Ef þú ert verktaki þarftu að eiga vélar, tæki og efni sjálf/ur.
- Ef þú ert verktaki þarftu sjálf/ur að skila tryggingagjaldi, greiða iðgjald vegna slysatrygginga og mótframlag í lífeyrissjóð.
- Verktaka á við þegar um ákveðin tímabundin verkefni er að ræða.
- Athugaðu að verktakasamningar eru í flestum tilvikum óhagstæðir launafólki. Laun verktaka þurfa að vera allt að 70% hærrí en launafólks til þess að verktaki hafi sambærileg réttindi og laun.
- Ef þú ert verktaki er verkefnið unnið á fjárhagslega ábyrgð þína.
- Ef þú ert verktaki ávinnurðu þér ekki réttindi hjá stéttarfélagi svo sem rétt í sjúkrasjóði, orlofsjóði og lögfræðiaðstoð.
- Ef þú ert verktaki en ert í raun að vinna venjulega launavinnu skaltu leita ráða hjá skattinum eða stéttarfélagi. Gerviverktaka er ólögleg!
- Hafnaðu svartri vinnu. Því ef þú vinnur svart færðu ekki laun í sumarfríi eða þegar þú veikist eða slasast. Þú ert ekki tryggð/ur ef slys verða og þú verður af öllum réttindum sem fylgja því að vera launamanneskja. Svört vinna er ólögleg.
- Ef þú ert verktaki færðu ekki greitt orlof, desemberuppbót eða orlofsuppbót.
- Ef þú ert verktaki ertu ekki slysatryggður, átt ekki rétt á greiðslu launa úr ábyrgðasjóði launa vegna gjaldþrota auk þess sem réttur til atvinnuleysisbóta er takmarkaður.
- Ef þú ert verktaki þarftu að skrifa út reikninga og annast innheimtu sjálf/ur.
- Verktakar þurfa sjálfir að standa skil á virðisaukaskattsgreiðslum.



Starfsgreinasamband
Íslands